

## Stjórnarfundur Félags náms- og starfsráðgjafa

14. júní haldinn á Zoom

Mættir: Greta Jessen, Heimir Haraldsson, Helga Valtýsdóttir, Hildur Björg Vilhjálmsdóttir, Jóhanna María Vignir, Jónína Kárdal  
Forföll: Hrönn Grímsdóttir

### Dagskrá:

1. Stjórn skiptir með sér verkum
  2. Ákvörðun um dagsetningu Dags náms- og starfsráðgjafar
  3. Önnur brýn mál og næstu skref
- 
1. Eftir umræðu innan stjórnar var ákveðin eftirfarandi skipan í embætti:
    - a. Helga Valtýsdóttir varaformaður
    - b. Greta Jessen ritari
    - c. Hildur Björg Vilhjálmsdóttir gjaldkeri
    - d. Jóhanna María Vignir vefritstjóri
    - e. Heimir Haraldsson meðstjórnandi og tengiliður við ákveðnar nefndir
    - f. Hrönn Grímsdóttir meðstjórnandi og umsjón með félagatali og póstlista

Rætt var um tíðni stjórnarfunda og almennt samþykki fyrir því að halda áfram með fyrirkomulag síðasta vetrar sem var að funda á tveggja vikna fresti.

2. Hlutverk Dags náms- og starfsráðgjafar er að vekja vitund almennings á náms- og starfsráðgjöf. Dagur náms- og starfsráðgjafa er 20. október og hefur verið haldinn hátíðlegur frá því 2006. Í tilefni hans hefur verið boðað til skipulegrar dagskrár þar sem félagsfólk hefur komið saman. Umræða um hlutverk dagsins og mikilvægi sí- og endurmenntunar félagsfólk.

Stjórn FNS hefur ákveðið að halda ráðstefnu í tilefni af Degi náms- og starfsráðgjafar og að hún verði á Akureyri dagana 12. – 14. október. Hægt að horfa á þetta sem upptakt að Degi náms- og starfsráðgjafar. Ákveðið að leita tilboða fyrir ráðstefnuhald og fá svör fyrir 23. júní.

3. Önnur brýn mál og næstu skref
  - a. Jónína Kárdal formaður var boðuð á fund Velferðarnefndar Alþingis vegna umsagnar félagsins um þingsályktun um málefni innflytjenda. Hún gerði grein fyrir afstöðu FNS og lagði m.a. áherslu mikilvægi aðgengis að náms- og starfsráðgjöf fyrir alla.
  - b. Ákveða þarf dagsetningu þar sem fundað er með ráðum og nefndum FNS vegna næsta starfsárs. Tölvupóstur verður sendur á ráð og nefndir þar sem óskað er eftir að gerð verði drög að starfsáætlun sem yrði svo raungerð og ákveðin á fundi.
  - c. Næstu skref varðandi undirbúning í tilefni af Degi náms- og starfsráðgjafar eru að leita tilboða vegna ráðstefnuhalds Einnig þarf að ákveða fundardagsetningar í haust.

Næsti fundur stjórnar FNS verður 23. júní kl. 13 á Zoom